# Laugardagur 8. júlí

## SJÓNVARPIÐ

16.00 **Íþróttaþátturinn.** Svipmyndir frá íþróttaviðburðum vikunnar og umfjöllun um Íslandsmótið í knattspyrnu.
18.00 **Dvergaríkið (3)** (La Llamada de los Gnomes). Spænskur teiknimyndaflokkur í 26 þáttum. Dvergarnir Kláus dómari og Daníel aðstoðarmaður hans ferðast um víða veröld og kynnast dvergum af ólíku þjóðerni en höfuðóvinirnir, tröllin, eru þó aldrei langt undan. Þýðandi Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir. Leikraddir Sigrún Edda Björnsdóttir.
18.25 **Bangsi bestaskinn** (The Adventures of Teddy Ruxpin). Breskur teiknimyndaflokkur um Bangsa og vini hans. Þýðandi Guðni Kolbeinsson. Leikraddir Örn Árnason.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Háskaslóðir** (Danger Bay). Kanadískur myndaflokkur. Þýðandi Jóhanna Jóhannsdóttir.
19.30 **Hringsjá.** Dagskrá frá fréttastofu sem hefst á fréttum kl. 19.30.
20.20 **Ærslabelgir** – Svindlarinn – (Comedy Capers – Little Nell). Stutt mynd frá tímum þöglu myndanna með Oliver Hardy og Billy West.
20.35 **Lottó.**
20.40 **Réttan á röngunni.** Gestaþraut í sjónvarpssal. Umsjón Elísabet B. Þórisdóttir. Stjórn upptöku Þór Elís Pálsson.
21.10 **Á fertugsaldri.** (thirtysomething). Nýr, bandarískur gamanmyndaflokkur um nokkra vini sem hafa þekkst síðan á skólaárunum en eru nú hver um sig að basla í lífsgæðakapphlaupinu. Svo virðist sem framtíðardraumar unglingsáranna verði að engu þegar alvaran blasir við. Þýðandi Guðni Kolbeinsson.
21.35 **Fólkið í landinu.** Svipmyndir af Íslendingum í dagsins önn. – Bóndasonurinn sem fór í útgerð – spjallað við Gísla Konráðsson, fyrrverandi framkvæmdastjóra Útgerðarfélags Akureyringa. Umsjón Gísli Sigurgeirsson.
22.00 **Fyrir vestan Paradís** (West of Paradise). Ný, bresk sjónvarpsmynd frá 1986. Leikstjóri David Cunliffe. Aðalhlutverk Art Malik, Debby Bishop, Alphonsia Emmanuel og Nadim Sawalha. Tvö systkini komast að upplýsingum um falinn fjársjóð á Seychelleseyjum. Þau halda þangað en það eru fleiri sem hafa áhuga á fjársjóðnum. Þýðandi Örnólfur Árnason.
23.45 **Allir vegir færir** (Willa). Bandarísk sjónvarpsmynd frá árinu 1983. Leikstjóri Joan Darling. Aðalhlutverk Deborah Raffin, Clu Gulager, Nancy Marchand og Cloris Leachman. Ung og metnaðarfull kona ákveður að gerast flutningabílstjóri til að sjá börnum sínum farborða. Þýðandi Ólafur B. Guðnason.
01.20 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

9.00 **Með Beggu frænku.** Halló krakkar! Þið hafið verið dugleg að senda mér ljósmyndir og í dag er happdrættisdagur. Ég ætla að draga nokkrar myndir úr öllum þeim sem þið hafið sent mér og þeir heppnu fá eitthvað úr kistunni minni góðu. Við gleymum að sjálfsögðu ekki teiknimyndunum og horfum á Tao Tao, Óskaskóginn, Snorkana og Maju býflugu. Myndirnar eru allar með íslensku tali.
10.30 **Jógi.** Teiknimynd.
10.50 **Hinir umbreyttu.** Teiknimynd.
11.15 **Fjölskyldusögur.** Leikin barna- og unglingamynd.
12.05 **Ljáðu mér eyra...** Við endursýnum þennan vinsæla tónlistarþátt.
12.30 **Lagt í'ann.** Endurtekinn þáttur frá síðastliðnu sunnudagskvöldi.
13.00 **Ævintýrasteinninn.** Romancing the Stone. Vinsæl og spennandi ævintýramynd fyrir alla aldurshópa. Aðalhlutverk: Michael Douglas, Kathleen Turner og Danny Devito.
14.40 **Ættarveldið.** Dynasty. Framhaldsþáttur.
15.30 **Napóleon og Jósefína.** Napoleon and Josephine. Lokaþáttur endurtekinnar framhaldsmyndar um ástir og ævi Frakklandskeisara og konu hans. Aðalhlutverk: Jacqueline Bisset, Armand Assante, Stephanie Beacham, Anthony Higgins og Anthony Perkins.
17.00 **Íþróttir á laugardegi.** Heimir Karlsson og Birgir Þór Bragason sjá um tveggja tíma fjölbreyttan íþróttaþátt þar sem meðal annars verður sýnt frá ítölsku knattspyrnunni og innlendum íþróttaviðburðum.
19.19 **19:19.** Fréttir og fréttatengt efni ásamt veður- og íþróttafréttum.
20.00 **Heimsmetabók** Guinness. Spectacular World of Guinness. Kynnir David Frost.
20.25 **Stöðin á staðnum.** Stöð 2 er á hringferð um landið og í kvöld ætlum við að hafa viðdvöl á Fáskrúðsfirði.
20.40 **Ruglukollar.** Marblehead Manor. Snarruglaðir bandarískir gamanþættir með bresku yfirbragði. Aðalhlutverk Bob Fraser, Linda Thorson, Phil Morris, Rodney Scott Hudson og Paxton Whitehead.
21.10 **Fríða og dýrið.** Beauty and the Beast. Spennandi ævintýraþættir fyrir alla fjölskylduna. Aðalhlutverk Linda Hamilton og Ron Perlman.
22.05 **Leynilögreglumæðginin.** Detective Sadie and Son. Sadie er ekkja á fimmtugsaldri og hefur gegnt starfi á lögreglustöð í hartnær tuttugu ár. Hana hefur lengi dreymt um að gerast leynilögreglukona en yfirmenn hennar telja hana ekki valda slíku starfi. Þess í stað bjóða þeir henni að vakta kirkjugarð þar sem fjöldamorðingi hefur verið á ferð. Sadie þiggur starfið og hyggst handsama morðingjann með hjálp sonar síns. Aðalhlutverk: Debbie Reynolds, Brian McNamara og Sam Wanamaker.
23.35 **Herskyldan.** Nam, Tour of Duty. Spennuþáttaröð um herflokk í Víetnam. Aðalhlutverk: Terence Knox, Stephen Caffrey, Joshua Maurer og Ramon Franco.
0.25 **Eftirförin.** Trackdown. Unglingsstúlka hleypur að heiman og bróðir hennar hefur afdrifaríka leit að henni. Aðalhlutverk: Jim Mitchum, Karen Lamm, Ann Archer, Erik Estrada og Cathy Lee Crosby.
2.00 **Dagskrárlok.**

## Rás I
FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Valgeir Ástráðsson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Góðan dag,** góðir hlustendur. Pétur Pétursson sér um þáttinn.
9.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
9.05 **Litli barnatíminn á laugardegi:** Froskurinn í brunninum. Lítið ævintýri eftir Alvin Tresselt, í þýðingu Þorsteins frá Hamri. Umsjón: Sigurlaug M. Jónasdóttir.
9.20 **Sígildir morguntónar.** – Tristia op. 18 eftir Hector Berlioz. John Alldis kórinn og Sinfóníuhljómsveit Lundúna flytja; Sir Colin Davies stjórnar. (Af hljómdiski.)
9.35 **Hlustendaþjónustan.** Sigrún Björnsdóttir svarar fyrirspurnum hlustenda um dagskrá Útvarps og Sjónvarps.
9.45 **Innlent fréttayfirlit vikunnar.**
10.00 **Fréttir. Tilkynningar.**
10.03 **Hlustendaþjónustan.** Sigrún Björnsdóttir svarar fyrirspurnum hlustenda um dagskrá Útvarps og Sjónvarps.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Fólkið í Þingholtunum.** Fjölskyldumynd eftir Ingibjörgu Hjartardóttur og Sigrúnu Óskarsdóttur. Flytjendur: Anna Kristín Arngrímsdóttir, Arnar Jónsson, Erla B. Skúladóttir og Þórdís Arnljótsdóttir. Stjórnandi: Jónas Jónasson.
11.00 **Tilkynningar.**
11.05 **Í liðinni viku.** Umsjón: Kristjana Bergsdóttir. (Frá Egilsstöðum.)
12.00 **Tilkynningar.** Dagskrá.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
13.00 **Hér og nú.** Fréttaþáttur í vikulokin. Tilkynningar.
13.30 **Á þjóðvegi eitt.** Sumarþáttur með fróðlegu ívafi. Umsjón: Bergljót Baldursdóttir og Ómar Valdimarsson.
15.00 **Þetta vil ég heyra.** Leikmaður velur tónlist að sínu skapi, að þessu sinni Thor Vilhjálmsson rithöfundur. Umsjón: Bergþóra Jónsdóttir.
16.00 **Fréttir.** Tilkynningar. Dagskrá.
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Sumarferðir Barnaútvarpsins.** Kristjana Bergsdóttir ræðir við krakka sem nýkomnir eru úr ferð til Færeyja. (Frá Egilsstöðum.)
17.00 **Leikandi létt.** – Ólafur Gaukur.
18.00 **Af lífi og sál** – Skotveiði. Erla B. Skúladóttir ræðir við Guðrúnu Guðjónsdóttur framkvæmdastjóra og Hallgrím Marinósson verslunarmann um áhugamál þeirra. Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Ábætir.** Pistlar og söngvar Fredmans eftir Carl Michael Bellman. Sven-Bertil Taube syngur með Barrokksveit Stokkhólms og félögum úr Fílharmóníusveit Stokkhólms; Ulf Björling stjórnar.
20.00 **Sagan:** Ört rennur æskublóð eftir Guðjón Sveinsson. Pétur Már Halldórsson les (2.)
20.30 **Vísur og þjóðlög.**
21.00 **Slegið á léttari strengi.** Inga Rósa Þórðardóttir tekur á móti gestum. (Frá Egilsstöðum.)
21.30 **María Markan syngur íslensk og erlend lög.**
22.00 **Fréttir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.20 **Dansað með harmóníkuunnendum.** Saumastofudansleikur í Útvarpshúsinu. Kynnir: Hermann Ragnar Stefánsson.
23.00 **Dansað í dögginni.** – Sigríður Guðnadóttir. (Frá Akureyri.)
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Svolítið af og um tónlist undir svefninn.** Jón Örn Marinósson kynnir.
01.00 **Veðurfregnir.**
01.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## RÁS 2 FM 90,1

8.10 **Á nýjum degi.** með Pétri Grétarssyni.
10.03 **Nú er lag.** Gunnar Salvarsson leikur tónlist og kynnir dagskrá Útvarpsins og Sjónvarpsins.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Kæru landsmenn.** Berglind Björk Jónasdóttir og Ingólfur Margeirsson.
17.00 **Fyrirmyndarfólk** lítur inn hjá Lísu Pálsdóttur.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.31 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Kvöldtónar.**
22.07 **Síbyljan.** Sjóðheitt dúndurpopp beint í græjurnar. (Einnig útvarpað nk. föstudagskvöld á sama tíma.)
00.10 **Út á lífið.** Skúli Helgason ber kveðjur milli hlustenda og leikur óskalög.
02.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 8.00, 9.00, 10.00, 12.20, 16.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

**NÆTURÚTVARP**

02.00 **Fréttir.**
02.05 **Eftirlætislögin.** Svanhildur Jakobsdóttir spjallar við Harald Sigurðsson (Halla) sem velur eftirlætislögin sín. (Endurtekinn þáttur frá þriðjudegi á rás 1.)
03.00 **Róbótarokk.** Fréttir kl. 4.00.
04.30 **Veðurfregnir.**
04.35 **Næturnótur.**
05.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
05.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
06.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
06.01 **Úr gömlum belgjum.**
07.00 **Morgunpopp.**
07.30 **Fréttir á ensku.**

## FM 98,9 BYLGJAN

9.00 **Pétur Steinn Guðmundsson.** Pétur tekur púlsinn á þjóðfélaginu, ætlar meira að segja að kafa pínulítið dýpra. Andleg málefni, og allt þeim skylt, verða til staðar, mannlegt fram úr hófi. Viðtöl við forvitnilegt fólk, tónlist sem allir þekkja og sem hæfir tiltektinni á laugardagsmorgnum.
13.00 **Kristófer Helgason.** Leikir, uppákomur og glens taka völdin á laugardegi. Uppáhaldslögin og kveðjur í síma 61 11 11.
18.00 **Ólafur Már Björnsson.** Laugardagskvöldið tekið með trompi. Óskalög og kveðjur í símum 68 19 00 og 61 11 11.
22.00 **Hafþór Freyr** mættur á næturvaktina, næturvakt sem segir „6". Hafið samband í síma 68 19 00 eða 61 11 11 og sendið vinum og kunningum kveðjur og óskalög á öldum helgarljósvakans í bland við öll nýjustu lögin.
3.00 **Næturdagskrá.**

## Stjarnan FM 102,2 & 104

9.00 **Sigurður Helgi Hlöðversson. Fjör við fóninn.** Hress en þægileg tónlist í morgunsárið.
14.00 **Kjartan „Daddi" Guðbergsson.** Hressilegir þættir þar sem leikin verður ný og gömul tónlist í bland.
18.00 **Bjarni Haukur Þórsson.** Laugardagskvöldið tekið með trompi. Óskalög og kveðjur í símum 68 19 00 og 61 11 11.
22.00 **Sigursteinn Másson** mættur á næturvaktina, næturvakt sem segir „6". Hafið samband í síma 68 19 00 eða 61 11 11 og sendið vinum og kunningum kveðjur og óskalög á öldum helgarljósvakans í bland við öll nýjustu lögin.
2.00 **Næturstjörnur.**

## Rót ÚTVARP FM 106,8

10.00 **Útvarp Kolaport. Bein útsending frá markaðinum í Kolaporti, litið á mannlífið í miðborginni og leikin tónlist úr öllum áttum.**
15.00 **Af vettvangi baráttunnar.** Gömlum eða nýjum baráttumálum gerð skil. Að þessu sinni eru það vandamál dreifbýlisins.
17.00 **Um Rómönsku Ameríku.** Miðameríkunefndin.
18.00 **S-amerísk tónlist.** Ingvi Þór Kristinsson.
19.00 **Laugardagur til lukku.** Gunnlaugur og Þór.
20.00 **Fés.** Unglingaþáttur í umsjón Árna Freys og Inga.
21.00 **Síbyljan** með Jóhannesi K. Kristjánssyni.
23.30 **Rótardraugar.**
24.00 **Næturvakt.**

## EFFEMM 95,7

7.00 **Felix Bergsson.**
12.00 **Steinunn Halldórsdóttir.**
15.00 **Stefán Baxter. „Til baka."**
18.00 **Kiddi Bigfoot. „Partí – ball."**
22.00 **Sigurður Ragnarsson.**
3.00 **Nökkvi Svavarsson.**

## SKY CHANNEL

4.30 **The Flying Kiwi.** Ævintýrasería.
5.00 **Poppþáttur.**
6.00 **Gríniðjan.** Barnaþættir.
10.00 **Íþróttaþáttur.**
11.00 **Fjölbragðaglíma.**
12.00 **Arms and the Man.** Kvikmynd.
14.00 **Sara.** Ævintýraflokkur.
15.00 **50 vinsælustu lögin.**
16.00 **Lítil kraftaverk.** Gamanþáttur.
16.30 **The Bionic Woman.** Spennumyndaflokkur.
17.30 **Those Amazing Animals.**
**18.30** The Love Boat. Gamanmyndaflokkur.
19.30 **Bird of Paradise.** Kvikmynd.
21.30 **Fjölbragðaglíma.**
22.30 **Poppþáttur.**

## SKY MOVIES

15.00 **I Will Fight No More Forever.**
17.00 **Watership Down.**
19.00 **Big Trouble in Little China.**
21.00 **The Hitcher.**
22.45 **Boxcar Bertha.**
00.15 **The Zombies of Sugar Hill.**

## EUROSPORT

9.30 **Fimleikar.** Evrópukeppni unglinga.
10.30 **Hjólreiðar.** Tour de France.
11.30 **Kajakkakeppni.**
12.30 **Hornabolti.** Valin atriði úr leik í amerísku deildinni.
14.00 **Rugby.** Spennandi keppni úr áströlsku deildinni.
15.00 **Hjólreiðar.** Tour de France.
15.30 **Íþróttakynning Eurosport.**
17.00 **Trans World Sport.** Íþróttafréttir víðs vegar að.
18.00 **Hjólreiðar.** Tour de France.
19.00 **Knattspyrna kvenna.** Evrópumót.
20.00 **Rugby.** Ástralía keppir við Bresku ljónin.
21.30 **Hestaíþróttir.**
22.30 **Hjólreiðar.** Tour de France.

## SUPER CHANNEL

5.00 **Teiknimyndir.**
9.00 **Tónlist og tíska.**
10.00 **Tourist Magazine.** Ferðaþáttur.
10.30 **Tónlist og tíska.**
11.00 **Hollywood Insider.**
11.30 **Tónlist og tíska.**
12.00 **Flame Trees of Thika.**
13.00 **Flying High.** Gamanþáttur.
14.00 **Wanted Dead or Alive.** Vestri.
14.30 **Tónlist og tíska.**
15.00 **Dick Turpin.** Ævintýramynd.
15.30 **Evrópulistinn.** Poppþáttur.
16.30 **Körfubolti.** Úrslitakeppnin í NBA.
17.30 **Tískuþáttur.**
18.00 **His Girl Friday.** Kvikmynd.
20.00 **Assassination Run.**
20.55 **Roving Report.** Fréttaskýringaþáttur.
21.30 **Curse of the Crimson Altar.** Kvikmynd.



Thor Vilhjálmsson rithöfundur velur sér tónlist á rás 1 í dag.

### Rás 1 kl. 15.00:

## Þetta vill Thor heyra

Á laugardögum í sumar verður þátturinn „Þetta vil ég heyra" á dagskrá rásar 1 kl. 15. Umsjónarmaðurinn, Bergþóra Jónsdóttir, fær til sín gesti í hljóðstofu og velja þeir tónlist sem þá langar mest til að heyra eða finnst merkileg.

Bergþóra ræðir einnig við gesti sína um gildi verkanna, túlkun þeirra og stíl. Gestur þáttarins í dag er þekktari fyrir ástundun annarra lista en tónlistar, nefnilega rithöfundurinn Thor Vilhjálmsson. Ekki hefur Thor þó látið tónverk alveg eiga sig á listamannsferli sínum því hann hefur skrifað líbrettó við eina óperu að minnsta kosti. Það verður því fróðlegt að heyra hvað hann velur sér að hlýða á.

### Sjónvarpið kl. 23.45:

## Allir vegir færir

Lokaatriði dagskrár Sjónvarpsins í kvöld er bandarísk sjónvarpsmynd frá 1980.

Willa vinnur fyrir sér sem gengilbeina á kaffihúsi við þjóðveginn. Hún telur sér vera ætlað meira og stærra hlutverk í lífinu og stefnir því að því leynt og ljóst að komast í hóp flutningabílstjóranna sem hún afgreiðir alla daga. En það er ekki hlaupið að því fyrir tveggja barna móður, með það þriðja á leiðinni, að koma sér áfram.

Fyrirætlanir ungu konunnar mæta mikilli andstöðu, bæði fjölskyldunnar, vinanna og annarra sem ekkert kemur málið við. Einn þeirra gengur meira að segja svo langt að heimta að hún giftist sér og annist hann.

En þegar neyðin er stærst er hjálpin næst. Að minnsta kosti í þessu tilviki. Hjálparhellan birtist í hlutverki gamalreynds kvenbílstjóra sem ákveður að taka Willu undir verndarvæng sinn. Það er ekki að sökum að spyrja, allt gengur upp.

Með aðalhlutverk myndarinnar fara Deborah Raffin, Clu Gulager og Cloris Leachman. Maltin segir myndina vera í meðallagi.

### Sjónvarp kl. 22.00:

## Fyrir vestan paradís

Sjónvarpsmynd þessi gerist í hitabeltisparadís Seychelles eyja í Indlandshafi og segir frá ævintýrum, ástum, klækjum og meira að segja töfratrúnni vúdú.

Gamall iðjuleysingi á Seychelles eyjum deyr drottni sínum og arfleiðir barnabörn sín tvö, Alan og Carol, að tveimur flugmiðum austur þangað og einum demantskreyttum krossi. Koma unglinganna tveggja til þessarar fjarlægu paradísareyjar vekur áhuga nokkurra manna. Meðal þeirra eru bátseigandinn og verðandi vinur þeirra Sam og fögur innfædd unnusta hans. Systkinin flækjast inn í leit að stórkostlegum fjársjóði sem sjóræningjar komust yfir á 18. öld og er nú mikilla auðæfa virði.

Fjársjóðsleitin er hættuleg og spennandi en umbunin verður ríkuleg.

Meðal leikenda í myndinni, sem kemur frá Bretlandi, má nefna Art Malik sem sjónvarpsáhorfendum er að góðu kunnur úr myndaflokknum um djásnið dýra.

### Sjónvarp kl. 21.10:

## Á fertugsaldri

Íslenskir sjónvarpsáhorfendur fá að berja nýjan framhaldsmyndaflokk augum í kvöld þegar sýndur verður fyrsti þáttur syrpunnar Á fertugsaldri. Þættir þessir eru bandarískir og hafa náð töluverðum vinsældum í heimalandinu enda stílað þar upp á þá kynslóð sem vesturlönd snúast nú um, uppana.

Þættirnir greina frá vinahópi á fertugsaldri sem komst til vits og ára á ólgutímum 7. og 8. áratugarins. Fólk þetta hefur öðlast einhvern þroska og reynir að átta sig á því hvað felst í hamingjunni á 9. áratugnum.

Eins og nærri má geta lítur hver sínum augum á silfrið. Sumir telja það hámark lífsfyllingarinnar að vera einhleypir og áhyggjulausir á meðan aðrir telja fjölskyldulíf og velgengni í viðskiptum vera eftirsóknarverðast alls. Og aðalsöguhetjurnar sjö hjálpast að við að átta sig á allri ringulreiðinni.

Í einum þætti fylgjast áhorfendur t.d. með Michael og Hope Steadman, ungum hjónum með barn, sem takast á við hið ábyrgðarfulla foreldrahlutverk um leið og þau reyna að gera sér grein fyrir hver þau í raun og veru eru.